

Áherslur dómara nefndar 2009 – 2010 eru:

Að allir geri sér grein fyrir mikilvægi þess að taka pre game fyrir hvern leik. Enginn vafi er á að þar geta flestir bætt sig og það er ekki sist á ábyrgð þeirra sem lengur hafa starfað að þetta takist vel. Einnig er mjög mikilvægt að menn ræði málin vel eftir leik sérstaklega ef eitthvað óvenjulegt hefur komið upp á. Þessi samskipti eiga að vera fagleg en ekki persónuleg og hreinskiptin á báða bóga.

Að dómara standi saman sem hópur. Baktal berst oft til dómara nefndar og er engum til framdráttar sem það stundar. Hegðun okkar og fas á leikjum skiptir einnig miklu enda er litið til okkar hvar sem við komum saman. Allir lenda í mótbyr og eiga erfiða daga í þessu starfi og slíkir dagar gera næsta dómara ekki að betri fagmanni. Í þessu sambandi mælum við með því að dómara lesi siðareglur KKDÍ.

Að dómara geri sér far um að hafa fulla stjórn á öllu er að leiknum snýr. Það á ekki sist við um þjálfara og varamannbekki. Stuttar aðvaranir en ekki langir fundir eru skynsamlegar áður en gripið er til tæknivillna en það er þó engin regla. Mikilvægt er að allir temji sér þessa hugsun og vinnubrögð svo samræmis sé gætt. Ábyrgð eldri og reyndari dómara leysir ekki hina yngri og óreyndari undan þessari ábyrgð.

Að dómara kynni sér og læri þriggja dómara kerfið með það í huga að hugsanlegt er að það verði notað í vetur að hluta til.

Að dómara kynni sér vel reglur um tímamörk á kærnum svo koma megi í veg fyrir óvönduð vinnubrögð sem nokkuð hefur borið á. Dómara nefnd mun svo funda með aganefnd í þessum mánuði til að samræma skilning og eyða misskilningi.

Að dómara sinni félagslega þættinum og sæki viðburði sem KKDÍ stendur fyrir.

Að dómara gleymi því ekki að mjög mikilvægt er að sjá aðra leiki.

Að útlit og klæðnaður skiptir miklu máli þegar við mætum á leikstað.